RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
14. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR FÖSTUDAGINN 5.DESEMBER 2008

Mætt voru:
Ómar Baldursson, Georg Georgsson, Guðrún S Bergþórsdóttir, Birna D Granz, Jens Ragnarsson, Frosti Frostason, Björn Ágúst Sigurjónsson, Grétar Guðmundsson, Sigurgeir Ólafsson, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Svanborg Hilmarsdóttir, Andri Jóhannesson, Einar Ág Kristinsson, Stefán Sveinsson, Hafliði Sívertsen, Guðmundur Gunnarsson, Haukur Ágústsson, Jakob Tryggvason Sigurður Sigurðsson og Helgi Jónsson.
Gestur: Ólafur Darri

Dagskrá:
1. Land til viðbótar, niðurstaða
2. Ölfusborgir-Svigaskarð framkvæmdir
3. Aukanámskeið fyrir atvinnulausa
4. Rekstraráætlun 2009
5. Breytingar á reglugerð styrktarsjóðs sem samþykktar voru í vor
6. Launamál starfsmanna
7. Nýir kjarasamningar
8. Samningar í vinnslu
9. Staða samninga og efnahagsmál
10. Samstarf við Félags bókagerðamanna,þreifingar
11. Önnur mál.

1. **Land til viðbótar:**

Samþykkt var að kaupa viðbótarland sem liggur að Skógarnesi um 1,5 hektara á 15 milljónir. Einnig samþykkt að það yrði eign Menningarsjóðs.

2. **Ölfusborgir-Svigaskarð framkvæmdir:**

Ákveðið var að ráðast í endurbætur á húsunum í Ölfusborgum. Kostnaður per. hús samkv. tilboði frá verktökum er um 7 milljónir á hús. Viðlagatrygging borgar vegna skemmda sem urðu í jarðskjálftunum kr 9,3 milljónir sem ganga uppí kostnað.
Áætlað er að framkvæmdum verði lokið fyrir páska 2009. Tilboð í endurbæturnar var gert í nóvember sl svo það ætti að standa.
(Hér má bæta við fundargerð, að hönnuður húsanna var ekki sáttur við þá tillögu að snúa húsinu við og færa eldhús og benti á ýmislegt óhagræði við hana, þannig að hætt var við að færa eldhúsið en að öðru leiti framkvæma breytingar um að fækka herberjum í tvö úr þremur og stækka þau og setja alvöru rúm í húsin. Þetta leiðir til þess að verkið fer aftur í útboð, reikna má með einhverri lækkun. Húsin voru sérhönnuð og dóttir arkitektsins Albína Thoroddss. gætir mjög vandlega allra breytinga á húsunum gg)

Varðandi endurbætur í Svignaskarði þá er áætlaður kostnaður við lagfæringar á gólfum um 1 milljón per. hús. Samþykkt að framkvæmdum verði lokið fyrir páska 2009.

3. **Aukanámskeið fyrir atvinnulausa.**

Samþykkt að atvinnulausir rafiðnaðarmenn fá að sækja námskeið hjá Rafiðnaðarskólanum án endurgjalds. Nú liggur fyrir þinginun frumvarp þess efnis, að leyfa þeim sem eru á atvinnuleysisbótum að sækja námskeið á bótum. Einnig kom fram að í dag eru 50 rafiðnaðarmenn atvinnulausir og verða sennilega um 200 í febrúar 2009.

4. **Rekstraráætlun 2009.**

Lögð var fram rekstraráætlun fyrir árið 2009. Þar er gert ráð fyrir rekstrartapi uppá 10.7 milljónir kr. Og rekstrarafgangi hjá Styrktarsjóði uppá rúmlega 50 milljónir kr eins að orlofssjóður verði með rekstrarafgang uppá ca 6 milljónir.

5. **Breytingar á reglugerð styrktarsjóðs.**

Staðfestar voru reglugerðarbreytingarnar sem gerðar voru á reglugerð styrktarsjóðs á sambandsstjórnarfundinum í sl vor.

6. Launamál starfsmanna.
Miklar umræður fara nú fram í þjóðfélaginu, að helstu ráðamenn og forystumenn í verkalýðsfélögum og fleiri eigi nú að lækka laun sín vegna þeirra efnahagsþrenginga sem landsmenn eru í þessa dagana. Þetta mál hefur margar hliðar, t.d. er mjög svo tvíbent að á sama tíma og forystumenn stéttarfélaga eru að berjast fyrir launabótum fyrir félagsmenn þá eigi þeir á sama tíma að óska eftir að laun þeirra verði lækkuð. Samþykkt undir þessum lið að launanefnd RSÍ myndi fljótlega koma saman og fjalla um launamál starfsmanna almennt.

7. Nýir kjarasamningar.
Búið er að gera nýja kjarasamninga við Reykjavíkurborg, Elkem og Ísal. Allir þessir samningar gilda til ársloka 2010. Upphafslaunahækkanir eru allar á svipuðum nótum eða um 5,5% og hækkun á samningstíma 14% -16%, mismunandi vegna nýrra innröðunar í launaflokka á sumum stöðum.

(Hér má bæta við fundargerð að nú er lokið til viðbótar samningum við Landsnet, Landsvirkjun vegna virkjana og eins vegna stjórnstöðvar, RARIK, Norðurorku, Landsímann bæði vegna FÍS og svo annarra aðildarfélaga innan RSÍ. Yfir standa viðræður við Hitaveitu suðurnesja, 365 miðla og Félag kvikmyndahúsaeigenda og vonir um að ljúka því milli jóla og nýárs. Fyrir liggur munnlegt samkomulag við SA um að þessir samningar muni gilda frá 1. des. ef svo færi að þeir geti ekki mætt á fundi milli jóla og nýárs. gg)

8. Samningar í vinnslu.
Nú er unnið að samningsgerð við Rarik og Hitaveitu Suðurnesja og Norðurorku. Búist er við þeim samningum verði lokið á næstu dögum og verði á svipuðum nótum og þeir samningar sem gerðir hafa verið að undanförnu.

9. Staða samninga og efnahagsmál.
Ólafur Darri hagfræðingur ASÍ og gestur fundarins kynnti stöðuna í efnahags-og þjófélagsmálum í dag og sagði að forsendur kjarasamninga standast engan veginn. Flestir samningar væru í uppnámi og erfitt að spá í stöðuna. Hann sagði að nú væri uppi á borðinu viðræður við BSRB, BHM og KÍ um sameiginlega launastefnu en þær viðræður væru algjörlega á byrjunarreit, og að viðhorf beggja væri að horfa frekar á atvinnustig fremur en kaupmátt. Þá gat hann þess, að í dag værum við skuldsettasta þjóð í heimi og að fjárlög ríkisins yrðu ljót næstu árin. Í dag er verðbólga 17% og ekki að vænta lækkunar á næstunni, frekar á hinn veginn.

10. Samstarf við félag Bókagerðamanna.
Bókagerðamenn hafa komið að máli við forystu RSÍ og líst áhuga á samstarfi. Hjá þeim hefur orðið fækkun á félagsmönnum undanfarin ár. Félagsmenn í dag eru um 1000. Samþykkt að loka engum dyrum um frekari viðræður eða samstarf. Skoðum málið með jákvæðum hætti.

11. Önnur mál.
Umræður urðu um stöðu þjóðmála almennt, eins stöðu lífeyrissjóðsins og hve eða hvort hann tapaði miklum fjármunum. Eins voru líflegar umræður almennt um stöðu efnahagsmála landsmanna og hvert framhaldið væri. Erum við gjaldþrota sem þjóð, eða er um tímabundið ástand að ræða sem úr rætist innan skamms tíma? Ef marka má ummæli virtustu hagspekinga okkar þjóðar þá erum við gjaldþrota en hvað er að marka hagspekinga í dag. Einn segir þetta og annar hitt. Dæmi hver fyrir sig. En það er ljós, að öll kurl eru ekki komin til grafar.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 17.00
Að loknum fundi var efnt til jólagleði með hangikjöti og Ora grænum baunum, upplestir úr nýútkomnum bókum og fl.
Fundargerð: Helgi Jónsson ritari